

# Fundur NOS

haldinn í fjarfundi 14. Apríl 2021 kl. 10:00

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Helgi Kjartansson, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Eydís Indriðadóttir, Elliði Vignisson, Ingibjörg Harðardóttir, Ásta Stefánsdóttir. Auk þess sat fundinn Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Dagskrá:

1. Úttekt á SVÁ
2. Forstöðumaður-uppsögn
3. Fjárhagsáætlun
4. Starfsmannamál-yfirferð frá forstöðumanni
5. Yfirferð yfir verkefni þjónustunnar frá forstöðumanni
6. Önnur mál.

## 1. Úttekt á SVÁ.

Vinnuhópur hefur fundað og leggur til að samið verið við Miðstöð Skólaþróunar á Akureyri. Fyrir fundinum liggur tilboð í verkefnið frá þeim. Farið var yfir verkefnalýsingu sem lá fyrir í tilboðinu og kostnaðartölur.

Samþykkt að fela formanni að gangi frá samningi við Miðstöð Skólaþróunnar þannig að vinnan geti hafist sem fyrst. Nauðsynlegt er að verkefninu verði lokið fyrir upphaf nýs skólaárs.

Endurskoða þarf fjárhagsáætlun með tilliti til verkefnisins. Vinnuhópurinn mun taka að sér verkefnastjórn í samráði við forstöðumann.

## 2. Forstöðumaður SVÁ.

Nú liggur fyrir uppsagnarbréf dagsett 28.mars frá Ragnheiði þar sem hún hyggst snúa til annarra starfa. Starfslok munu verða þann 15. Júní en hún er tilbúin að koma inn og vera nýjum forstöðumanni innan handar þegar hann kemur inn. Samþykkti að auglýsa eftir nýjum forstöðumanni, formanni falið að leita til Hagvangs að sjá um auglýsinguna. Vinnuhópurinn, Aldís, Elliði og Jón munu koma að viðtölum við umsækjendur.

Nefndin þakkar Ragnheiði fyrir góð stöf og gott samstarf og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.

## 3. Fjárhagsáætlun.

Það liggur fyrir að endurskoða þarf samþykktu fjárhagsáætlun þar sem liðir innan hennar hafa breyst. Samþykkt að fela Ragnheiði og Aldísi að fara yfir fjárhagsáætlun og leggja fram endurskoðaða áætlun.

**4. Starfsmannamál-yfirferð frá forstöðumanni**

Forstöðumaður fór yfir starfsmannamál þjónustunnar.  
Samþykkt að auglýsa stöðu sálfræðings.  
Samþykkt að auglýsa stöðu félagsráðgjafa í barnavernd.  
Forstöðumanni falið að sjá um að auglýsa.

**5. Yfirferð yfir verkefni þjónustunnar frá forstöðumanni.**

Forstöðumaður fór yfir verkefni starfseminnar.  
Farið yfir stöðu mála varðandi fjárhagsaðstoð, upplýsingar um  
barnverndartilkynningar, vinnu við uppfærslu heimasíðunnar, vinnu við  
umbótaráætlun vegna athugasemda GEF ofl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:08  
Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari